

Tillaga um breytingar á samþykktum frá Þorbergi Steini Leifssyni

Breyting á gr. 15.2 í samþykktum um stjórnarkjör. Yfirstrikuð málsgrein fellur brott en í stað kemur ný málsgrein, auðkennd með **rauðu:**

Grein 15.2

~~Um stjórnarkjör gilda reglur um meirihlutakosningu, þannig að hver kjósandi getur kosið allt að þeim fjölda frambjóðanda sem kjósa á hverju sinni. Þeir teljast rétt kjörnir sem flest atkvæði fá, þó að gættum reglum um kynjakvóta skv. gr. 15.1..~~

Nýr texti

Stjórnarmenn skulu kosnir með svonefndri forgangsörðunaraðferð. Skal félagsmönnum gefinn kostur á að raða frambjóðendum í forgangsörð. Ef enginn frambjóðandi fær meira en helming gildra atkvæða í fyrsta forgang, skal fella brott þann frambjóðanda sem færst atkvæði hlaut. Færa skal aðra frambjóðendur, sem voru neðar í forgangsörðinni en sá er var felldur brott, upp um eitt þrep í forgangsörðinni á viðkomandi atkvæðaseðlum og aðgæta á ný hvort einhver frambjóðandi hefur nú fengið hreinan meiri hluta atkvæða. Endurtaka skal þetta og fella brott frambjóðendur þar til að niðurstaða er fengin.

Greinargerð með tillögunni:

Þessi breyting á kosningareglum miðar að því að tryggja sem best að sá frambjóðandi sem mestan stuðning hefur hjá kjósendum taki sæti í stjórn. Ef frambjóðendur eru margir og kosið er með meirihlutakosningu, getur frambjóðandi unnið kosninguna þó lítill hluti kjósenda styðji hann. Þetta er auðvelt að skýra með tilbúnu dæmi. Ef almenn óánægja er t.d. með sitjandi stjórnamann og 6 frambjóðendur bjóða sig fram auk hans, gæti stjórnarmaðurinn unnið kosningarnar með um 20% atkvæða ef atkvæðin skiptast jafnt á hina. Þeir sem styðja sitjandi stjórnarmanninn setja hann væntanlega flestir í fyrsta forgang, en hann fær hugsanleag ekki

mörg atkvæði neðar í forgangs röðinni. Með forgangs röðunaraðferðinni ynni væntanlega einhver hinna frambjóðendanna enda kjósa hugsanlega 80% kjósenda hann frekar en sitjandi stjórnarmann.

Við meirihlутkosningu kjósa kjósendur oft taktískt þ.a.e.s þann frambjóðanda sem þeir telja líklegastan til að vera með þeim efstu, til að koma í veg fyrir að einhver annar verði kosinn, sem þeim líkar síður. Þetta verður alveg óþarfi ef notuð er forgangs röðun og raunverulegur vilji kjósenda kemur því betur í ljós.

Þetta kosningafyrirkomulag er vel þekkt og hefur t.d. lengi verið notað við forsetakosningar á Írlandi. Í einum kosningum af þeim þremur þegar fleiri en tveir voru í framboði vann annar frambjóðandi (Mary Robinson) en sá er flest atkvæði fékk í fyrsta forgang. Í tillögum Katrínar Jakobsdóttur um breytingar á stjórnarskrá Íslands er gert ráð fyrir þessu fyrirkomulagi við forsetakosningar Íslandi.

Helsti gallinn við þetta fyrirkomulag er að kosningin verður nokkuð flóknari fyrir kjósandann. Hann þarf að raða mönnum í forgang sem hann þekkir kannski lítið til. Reynslan sýnir þó að langoftast skiptir engu máli hverja hann setur í annað en fyrsta til þriðja forgang. Atkvæðaseðillinn er gildur þó ekki sé raðað í öll sætin.

Ég tel að þessi breyting sé jákvætt skref í að gera sjóðfélagalýðræðið enn virkara í lífsverk. Gert er ráð fyrir að kjörnefnd útfæri kosningareglur nánar.

Þorbergur Steinn Leifsson